



Útflutningssjóður o.fl. 20. desember, líklega 1956

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Útflutningssjóður – 20 desember 1956

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-2, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

92. mál, Nd.Útflutningssjóður o.fl.. frv. - 2. umr.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er nú orðið upplýst, að í því frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu og ætlunin er að koma í gegnum Alp. á þremur dögum, er ráðstafað gjöldum á almenning sem svarar a.m.k. 500 millj. króna, og þar af eru nýjar álögur a.m.k. í kringum 240 milljónir.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að það væri engin nýjung að slík frv. hefðu áður verið drifin í gegnum Alp. með jöfnum hraða einsog ætlaði er um þetta frv., og taldi að ~~ek~~ á okkur sjálfstæðismönnum sæti ekki að finna að slíkri meðferð, þar sem við hefðum sjálfir átt sem þátttakendur í ríkisstj. fullan hlut að því líku áður. Ég fullyrði, að aldrei hefur neitt samberilegt átt sér stað. Ég fullyrði, að aldrei fyrr hefur nokkuð eitt frv. fólgið í sér neitt svipaða gjaldabyrði á Íslendingum eins og ákveðin er með þessu frv. Ég fullyrði, að það er aðeins lítið brot, 1/4 eða 1/5 öllu heldur, sem í einu frv. var ákveðinn um síðustu áramót eða í janúar og þá samp. á fáum dögum hér á Alþingi. Og ég fullyrði, að þá var ekki

Offhent f. om. 21. jan.

aðeins um miklu lægri fjárhæð að ræða, heldur var það frv. allt í sinni uppbyggingu og frágangi miklu einfaldara og ljósara heldur en það frv. er, sem hér er til umræðu, því að það er sízt orðum aukið, sem hinn elzti þm. eða sá, sem lengst hefur verið á Alp. allra Íslendinga frá upphafi, hv. þm. Borg., sagði héð áðan, að hver sá, sem ætlar sér inn í þó ekki sé nema myrkvið einnar greinar, kemur þaðan seint út aftur. Og það var aðeins ein grein. En þær greinar, sem óskiljanlegar eru mennskum mönnum, eru ekki ein, heldur margar í þessu frv., því að ég segi að það er ekki orðum aukið, heldur fullkomin staðreynd, að eftir frv. er ómögulegt að átta sig á, hvaða hlunnindi eða hvaða greiðslur útgerðarmenn eða útvegurinn, bátaútvegurinn á að fá.

Ég fullyrði að þetta sé gert af ásettu ráði til þess að dylja bæði Alp., almenning og útgerðarmenning sjálfa, þess, um hvað þeim er ætlað. Og það er ekki mitt að segja til um, hver tilgangur þess skollaleiks er, en feluleikurinn dylst engum.

Ég segi það hiklaust, að ég hef aldrei verið hræddur við að ætla útveginum eða útgerðarmönnum það, sem þeir þurfa til þess að þeirra atvinnurekstur sé rekinn stöðvunarlaust og þannig, að þeir sem við hann starfa, hvar í fylking sem er, beri hæfilegt úr bítum og séu ekki verr staddir heldur en aðrir sambærilegir menn í landinu. En ef menn eiga að greiða atkv. um tiltekna ráðstafanir tilteknum atvinnuvegi til framdráttar, þá er það minnsta að þeir, sem eiga að rétta upp höndina því til styrktar, fái fullnægjandi grg. um hver framlögin eru, sem þeir eru að greiða atkv. með, og á hvaða rökum þau framlög eða tillögurnar um þau

framlög séu reist. Það hefur algerlega verið vanrækt við framlagning þessa frv. að gera grein fyrir þessu, og hæstv. ríkisstj. hefur ekki fengið til þess enn að svara ýtarlegum og mjög málefnalegum spurningum þessa efnis, sem hv. þm. G-K. bar fram hér í gær.

Það kann að vera rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan og var búinn að segja hér áður í þingsalnum í dag, að þetta frv. hefði hlotið rækilega meðferð hjá ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar. Vel má vera að svo sé og að þeir viti hvað í frv. felst. Það hefur nú þó komið í ljós og sannast á nefndarfundum í fjhn., að því er þeir segja, sem þar hafa verið, að mjög hefur stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. vafist þar tunga um tönn um það, hvað í einstökum ákvæðum frv. fælist. Og ef það er svo ljóst sem þessir herrar vilja nú vera láta, af hverju er þá ekki hinum einföldu og greinargóðu spurningum, sem hv. þm. G-K., ^{bar fram í gær} skýlaust svarað? Af hverju eru svörin annað hvort alger þögn eða ósamlegur útúrsnúningur, eins og hæstv. sjútrh. lét sér sæma að viðhafa hér í gærkvöldi.

Hæstv. fjmrh. var að setja ofan í við mig fyrir það hér í umræðum í dag, að ég hefði gerzt svo djarfur að hverfa héðan af þingfundi til þess að tala um þetta mál í stærsta stjórnmalafélagi landsins í gærkvöldi. Og hæstv. ráðh. sagði, að það færi illa saman, að við sjálfstæðismenn töluðum um það hér í Alp. að þetta frv. væri að mörgu leyti óljóst, en værum þó að fara til þess að skýra það fyrir öðrum. Ja, þeim mun óljósara sem frv. er, þeim mun meira þurfa menn að leggja sig fram um skýringarnar. En það er einnig frásagnar-

Vert og skýringarvert, að hæstv. ríkisstj. skuli leyfa sér að bera fram annað eins moldviðri í frv. og myrkvið, óskiljanlegt, eins og gert er með því frv., sem hér er fram borið. Og það mun áður en yfir lýkur þykja þess vert að skreppa lengra heldur en hér út í Sjálfstaðishús til þess að tala um það. Það mun verða umræðuefni, hæstvirtur fjármálaráðherra, um allt land áður en yfir lýkur. Og jafnvel bráðabirgðaráðstafanir munu ekki eða ~~þá~~ aðfinningar á Alþingi troða upp í alþm. um skyldu sína til þess að láta almenning heyra um þann óskapnað, sem hér hefur fæðst að tilhlutun hæstv. ráðherra úr Suður-Múlasýslu, sem hingað til hafa nú ekki talað svo vel um hvorn annan, að ekki var von að annað betra kæmi frá þeim, þegar ~~þeir~~ þeir lögðu saman, heldur en slíkt skoffín, sem við hér sjáum.


Hæstv. f. jmrh. talaði um það áðan, að það færi illa saman, að við segðum að hér væru farnar troðnar slóðir, og þó vildum við ekki styðja þetta frv. Sannleikurinn er nú sá, að auðvitað hlýtur stuðningur við slíkt frv., jafnlítið skýrt eins og það er af hálfu hæstv. ríkisstj. og jafnskamman tíma einsog við höfum til athugunar þess og þingheimur yfirleitt, að stuðningur við slíkt frv. hlýtur að jafngilda traustsyfirlýsingu á hæstv. ríkisstjórn. Það væri óverjandi af nokkrum þm. að styðja frv., eftir þá þinglega meðferð, sem því er ætlað, nema hann með því vildi lýsa trausti á hv. ríkisstj. Og ég hygg nú að það gangi ærið illa að fá hina svo kölluðu stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. til þess að votta henni traust sitt, ef hugur þeirra væri skoðaður, og svo margir fyrirvarar eru gerðir nú

við samþykkt þessa frv., til dæmis af hálfu Alþýðu-
sambandsins, að ekki er að búast við því að við, sem
yfirlýstir erum andstæðingar stjórnarinnar og höfum
fram að þessu reynzt hafa rétt fyrir okkur í öllum
okkar deilumálum og hún fullkomlega rangt, að þess er
ekki að vanta að við förum að nota þetta tækifæri til
þess að votta henni traust gersamlega að óverðugu.

Sannleikurinn er sá að það er auðvitað rétt, að
hér eru farnar troðnar slóðir að því leyti, að ekki
örlar í þessu frv. á neinum nýjum hugmyndum til
lausnar verðbólguvandans. Það má vera, sem hæstv.
fjmrh. var að gefa í skyn, að eitthvað annað ætti að
koma í öðrum frv., en það er ekki í þessu frv. ^{gerð} ~~gerð~~.
Hins vegar er í þessu frv. farið miklu lengra á þeirri
braut, þar sem vegurinn hefur verið vísaður, heldur en
nokkru sinni áður hefur verið gert, og þar er farið
miklu lengra heldur en hæstv. ríkisstj. hefur fært
eða gert nokkra tilraun til að færa skynsamleg rök að,
að gera þurfi eða að gagni muni koma. Þegar af þeirri
ástæðu er ómögulegt að vera með þessu frv., enda að
svo miklu leyti sem í því felast nokkrar formbreytingar
t.d. að bátagjaldeyrir er niður lagður, en á er lagt
gjald, sem honum svarar í þessu frv., fyrir utan þær
240 milljónir, sem eru algerlega nýjar í frv., þá er
ekki gerð tilraun til þess að rökstyðja, að heppilegra
sé að hverfa frá bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu heldur
en að halda því. Þegar mál er undirbúið á slíkan veg,
þá er vitanlega ekki nokkur möguleiki fyrir þá, sem
ekki bera gersamlega blint traust til hæstv. ríkisstj.,
að styðja málið.

Veilan í rökstuðningi hæstv. ríkisstj. fyrir

flutningi frv., kemur berlega fram í því, þegar þeir segja t.d., og ég skal aðeins víkja að því eina atriði nú, - þeir segja: Það er að vísu rétt að vöruverð á að hækka vegna þeirra gjalda, sem hér eru á lögð, en sú vöruverðshækkun mun nást aftur og ekki bitna á almenningi, vegna þess að verðlagseftirlit verður sett, sem lækkar vöruverðið sem svarar hækkuninni. Ja, ef þetta er rétt, hefði þá ekki verið miklu einfaldari leið að byrja með því að koma verðlagseftirlitinu og verðlagningunni á og lækka vöruverðið nú þegar svo mikið að ekki þyrfti að gera þær hækkanir, sem hér eru ákveðnar?



-1

~~JóhH.~~

~~Nd. 20. des~~
~~39. f. 62~~

Af hverju að vera að hækka verðið fyrst og gefa þessum illu milliliðum, hvort sem það er Sambandið eða kaupsýslustéttin, færi á því að hækka vöruverð og þá álagningu eins og gefið er í skyn í sambandi við það, ef öllu þessu á að vera hægt að kippa aftur með verðlagningunni á eftir. Væri ekki miklu betra að ákveða vöruverðslækkunina umsvifalaust þegar í stað og komast hjá þessari 240 millj. kr. álagningu í nýjum sköttum. Það sjá allir að hér er um gersamlega veilu í rökstuðningi að ræða og vitanlega er þessum mönnum ljóst, að þó að ef til vill að einhverjar smávöruverðslækkunar verði á pappírnum vegna verðlagseftirlits, þá er það ekkert sem neina úrslitapýðingu hefur varðandi þær 240 millj., sem hér á að leggja á allan almenning, enda hafa þessir stjórnarflokkar, Framsfl., og þ. á. m. ekki sízt Framsfl., lýst yfir því, að bezta verðlagseftirlitið væri samkeppni Sambands íslenskra samvinnufélaga og kaupfélaganna við kaupsýslustéttina. Af hverju er nú ekki trýst á þetta verðlagseftirlit. Jú, Þjóðviljinn, hann svaraði þessu fyrir fáum dögum, og hann sagði: Sambandið, það hefur orðið afturúr í samkeppni við kaupmennina vegna þess að það hefur lagt út í, að því er mig minnir, að þeir orðuðu, alveg brjálæðiskenda fjárfestingu. Ja, en er þetta skýringin? Er það rétt? Og ég skil hæstv. fjmrh. að því sem einn af stjórnendum Sambandsins? Er það rétt að vöruverð almennt hafi hækkað vegna þess að í verzlunarálagningunni hjá Sambandinu sé tekið fé til þeirrar miklu fjárfestingar, sem Sambandið hefur lagt í? Er þess fjár ekki aflað með öðru móti, tekið af eðlilegum sjóðum og með stórkostlegum lántökum.

2

Hæstv. fjmrh. ræður því, hvort hann svarar þessari spurningu eða ekki. Hún varðar ekki hans svar sem fjmrh., svo að ég hef ekki þinglega kröfu á hann, að hann svari henni, en það var annað atriði, sem Þjóðviljinn drap á og sker úr um haldleysi rökferzlu hans varðandi þetta atriði, og það er að kommúnistar sem Þjóðviljinn er mál gagn fyrir, þeir reka hér kaupfélag í bænum, sem stendur í haróri samkeppni við verzlunarstéttina. Þeir reka Kron, sem sannarlega hefur ekki varið sínu fé til brjálæðiskenndrar fjárfestingar, en hver er niðurstaðan, að á sama tíma sem verzlunarstéttin blómgast hér, að því er sagt er og vex óeðlilega vegna óhæfilegs gróða, þá tapar Kron á hverju einasta ári storkostlegu fé. Bendir þetta til þess að um þann raunverulega mikla gróða hjá verzlunarstéttinni sé að ræða. Sannar þetta ekki miklu heldur að þessar sögur um storkostlegan gróða hjá verzlunarstéttinni í heild, eða að langmestu leyti byggðar á því að margur hyggur auð í annars garói og verið er að reyna að koma vaðdræðum Þjóðfélagsins yfir á herðar lítills hóps manna, sem talið er tiltölulega auðvelt að gera tortryggilegan, Ef það væri rétt að verzlunarstéttin í heild tæki of mikið í sinn hlut, þá væri áreiðanlega búið að jafna þau met með þeirri forrættindaaðstöðu sem kaupfélögin hafa hér á landi. Þau hafa alla aðstöðu fram yfir verzlunarstéttina til þess að selja vörur með hagstæðu verði, og ef þau verða þar á eftir, þá er það vegna þess að verzlunargróðinn er minni heldur en látið er. Það breytir svo ekki því, að auðvitað vitum við það, að einstakir menn hagnast fyrr og síðar, bæði á verzlun, viðskiptum og ýmsum öðrum ráðstöfunum af ýmsum ástæðum, hygg-

indum, útsjónarsemi, ef til vill brasknáttúru og einhverju slíku, sem er miður æskilegt, en ég held sannast sagt, að hafi þeir menn haft góðan jaróveg hér á undanförnu, þá muni þeirra garður fyrst blómstra þegar fimmfalt eða tífalt gengi kemur á gjaldeyrinn og allir þeir möguleikar til þess að fara í kringum ákvæðin skapast, sem því hljóta óhjákvæmilega að fylgja, enda sjáum við ákaflega vel heilindin í þessu tali um að það eigi að stöðva óhæfilegan verzlunargróða, að það er sagt hér og sagt, að það ^{er} ~~se~~ ein af aðalnýjungunum í sambandi við þetta mál, að strangt verðlagseftirlit á að koma, og það á að taka af þeim ríku og skipta á milli þeirra fátæku. Þetta er sagt af sömu mönnunum viku eftir ~~viku~~ að þeir hafa verið að knékrjúpa Sambandi Ísl. samvinnufélaga og olíufélaginu um að láta sér nægja 14 millj. kr. gróða á þessu nýja skipi um fimm mánaða bil, 14 millj. kr. í hreinan ágóða um fimm mánaða bil, og það er ekki eins og ^{við} ~~með~~ aðra landsmenn verið að setja reglurnar. Það er ekki sagt við Sambandið eða Olíufélagið: Komið þið með ykkar skip og siglið ^{þið} ykkar skipi hér eins og þið eruð skyldugir til, og það er ekki sagt við þá: Verðlagsstjóri og ríkisstj. ákveður hvað það eigi að borga. Neí, neí, neí, neí, það er samið við þá, þeir eru beðnir um að koma með skipið og olíumálaráðh. að austan, hann segir: jú, ég hef verið að semja við þá um þetta, og þeir koma með skipið fyrir mín orð, en það er honum Hannibal að kenna hvað þeir græða mikið. Svona er frammistaðan, og svo er sami hæstv. ráðh., það liggur fyrir, að hann vegna óheppilegra afskipta af einum skipsfarmi skaðaði landið um milli 3-4 millj. kr. Þá er komið þarna að afksipti hæstv. ríkisstj. hafa hækkað olíuverðið að óþörfu um 17-18 millj. kr. nú

á næsta fimm mánaða bili. Í þessu frv. er ráðgert, að það á að leggja á okkur, almenning í þessu landi, 22 millj í skatta til þess að borga hækkunina á olíunni niður. Hefði nú ekki verið nær að spara neytendum þessi útgjöld spara þarna á einu bretti 18 millj. kr. á fimm mánuðum. Ætli það hefði ekki hrokkið nokkuð langt til þess að það hefði mátt falla frá því að innheimta af okkur öllum 22 millj. kr. til þess að leggja stjórninni fé í hendur til þess að geta gefið sambandi íslenskra samvinnufélaga og olíufélaginu það stórfé sem hér er um að ræða, stórfé, sem einn af stjórnarflokkunum, Þjóðviljinn, hefur sagt að ^á ~~ekki~~ ekki verði varið til þess að lækka vöruverðið í landinu eða skapa hæfilega samkeppni ^{heldur til þess} að sambandið geti haldið áfram eins og sagt var um daginn í Þjóðviljanum, brjálæðiskenndri fjárfestingu.

Ég er ósköp hræddur um að að svo miklu leyti sem nýjungar eru í þeim ráðagerðum, sem nú eru uppi og vitanlega verður að taka nýjungarnar með, um leið og við metum þetta frv., þá horfi þær ekki til góðs, ekki til aukins réttlætis, og ekki til þess að traust borgaranna á þeirri hæstv. ríkisstj., sem nú situr, aukist, en þá kemur að því að hæstv. fjmrh. hann var að reyna að sýna hér fram ^á að það væri nú ekki um tóm svik að ræða hjá hæstv. ríkisstj. Við munum eftir því sem lofað var og sagt hefur verið og aumingja piltar austur í Ánnessýslu, þeim var hóað saman hér í nóvember einhvern tíma til þess að samp., að nú y yrðu ^{þeir} að fara að koma frambúðarráðstafanirnar í dýrtíðarmálunum, sem leystu þau málefni í eitt skipti fyrir öll. Þetta hefur verið predikað, svo að það er von að þessir saklausu unglingar tækju boðskapinn alvarlega og

sendu þessa samþykkt frá sér, en ef þeir eru komnir til þess þroska að þeir skilji mælt mál, blessaðir piltungarnir, þá er hætt við að þeim hafi brugðið þegar þeir heyrðu Helga Hjörvar lesa upp boðskapinn í útvarpinu, um það í hverju þessar frambúðarrástafanir varanlegu eru fólgnar, vegna þess að meira hrófatildur, meiri bráðabirgðaráðstöfun til bráðabirgða hefur aldrei verið sett á Alþingi heldur en þessi.

Hæstv. fjmrh., hann var að reyna að bera í bætáfléka, og ég tók eftir því hér áðan. Hann vildinú alls ekki viðurkenna að þetta værinú alveg svona ^{hrein} bráðabirgðaráðstöfun. Hann sagði að það gæti vel farið svo að rástafanirnar gætu orðið til nokkurrar frambúðar. Þetta var nú það bezta sem hann þorði að segja um það, eftir öll loforðin um það, að ekki dyggði nú framvegis að afgreiða málin á sama veg eins og hann og aðrir hafa gert undanfarið, og hann sagði að hvorki við né hann hefðum ráðið við málin að undanfögnu. Ja, ætli hann hefði ekki getað ~~he~~ orðað það ósköp svipað í fyrra þar sem hann var með að samþykkja þá, eins og hann orðar þetta núna. Ég veit ekki hverja trú hann hefur á þessum samþykktum, sem nú er verið að gera. Hann leyfði sér að segja að við myndum fagna því, ef þær færu út um þúfur. Ég veit ekki hvaða heimild hann hefur til þess að segja það, að við myndum fagna því, ef verðbólga myndi hér aukast. Það er allt annað að gera grein fyrir því að þetta mál er illa undirbúið og á óhæfilegan hátt lagt fyrir Alþingi Íslendinga, og við höfum ekki þá sömu trú á frambúðargildi málsins, eins og hæstv. fjmrh. ^{at} og hann skuli svo koma hér og fara að gera okkur upp getsakir um það, að

6

við viljum að illa fari fyrir íslenzku þjóðinni. Ég held að honum sé sœmra að segja sinn eigin hug skýrar heldur en hann hefur gert um sinn og láta vera getsakirnar um illt í okkar garð, og veit ég að hæstv. ráðh. er mjög brugðió, og það kemur vegna, sem sagt, óróa í hans samvísku þegar hann lætur leiða sig til slíks, svo hófsamur maður og gegn sem hann að þessu leyti er, og ég met mikils og fáa menn meira af mínum andstæðingum og dettur ekki í hug að bera honum það á brýn að hann út af fyrir sig vilji illa með þessum till. eða trúi ekki því sem hann er hér að segja, enda hefur hann allan fyrirvara þar á, þó að honum hafi orðió það eins og fleirum að dregur hver dóm að sínum sæsunaut og við könnumst við skemmda eplið og hann hefur nú tiltölulega óspilltur lent innan um hið skemmda epli og er nú farinn að skemmast svo að nokkrar verúðar þarf að gæta af vinum hans, um að forða honum áður en langt um líður úr þeirri hættu, sem hann er í lentur. En við skulum aðeins athuga þetta, hvaða trygging er fólgin í því samkomulagi, sem hér er verið að gera? Ég játa það að það er út af fyrir sig ~~nekkurs virði og mikils virði~~

SB

Nd, 20/12
39. f.
h,1

Játa það, að það er út af fyrir sig nokkurs virði og mikils virði að ná samkomulagi um það, ef það næst, sem hér er sagt að næðst hefði að stöðva eigi verðbólguna og hindra frekari vöxt hennar. En hefur það tekizt með þessu frv. og með þessum samtölum, sem hér hafa átt sér stað? Hefur annað gerzt heldur en oft hefur verið reynt áður? Hæstv. fjmrh. var með mér í stjórn á sínum tíma, - stjórn, sem var kölluð fyrsta stjórn Alþfl. á Íslandi undir forsæti Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Við munum það áreiðanlega báðir, að þá var efnt til stéttaráðstefnu til þess að reyna að leysa þetta mál. Það var þá svo mikið vilji að komast að samkomulagi við stéttirnar, að þær voru kallaðar saman og haldnir með þeim fundir og margar ráðstefnur til þess að finna lausn vandans. Það entist skammt og varð tiltölulega lítil árangur.

Hæstv. fjmrh. man einnig ofurvel, að þegar gengislækkunarlögin voru sett 1950, þá var um einstök atriði í því frv. haft náið samstarf við Alþýðusamband Íslands og niðurstaðan varð sú, að Alþýðusamband Íslands vildi una frv. gegn vissum breytingum, sem á því voru gerðar, og ég þori að fullyrða, að það voru efnislega sízt fyrirvaraminni samþykktir, sem Alþýðusambandið þá raunverulega veitti gengislækkunarlögunum heldur en Alþýðusambandið hefur veitt þessu frv.

Hæstv. ráðherra hann man líka, að á árinu 1951 og

1952 þá var haft rækilegt samstarf við Alþýðusambandið um hættuna á hækkingi verðlagi. Eg minnst þess, að hv. þm. ~~Max~~ N-Þing., Gísli G., og hv. 5. þm. Reykv., JóhH, þeir voru á þessum árum fengnir til þess sem fulltrúar ríkisstj. að ræða þessi mál við fulltrúa Alþýðusambandsins, sem hafði þá beitt sér fyrir uppsögn samninga um að vori til, og þar samningaumleitarnir leiddu til þess, að samkomulag komst á um vissar ráðstafanir, sem urðu til þess, að ekki varð af kaupdeilum þá í bili. Það breyttist hins vegar gersamlega ætíð aðstaðan í þessu, eins og enginn hefur skýrar tekið fram heldur en hæstv. fjmrh., þegar núverandi hæstv. félmrh., HV, náði yfirráðum í A.S.Í. Hæstv. fjmrh. hefur áður vakið athygli á því, að almenningur tók þeirri breytingu á stjórn Alþýðusambandsins með þeim hætti, að ljóst var, að menn skildu hvað á ferðum var. ~~Hann~~ Þá skyndilega sem sé dró úr eða stöðvaðist algerlega sparifjárukning hjá landsmönnum um hríð. Þetta er staðreynd, sem hæstv. fjmrh. hefur vakið athygli á einu sinni eða oftár hér á Alb., og ⁸²⁰ég glögglega man eftir, enda fer hann þar með rétt mál, eins og hann gerði venjulega hér áður fyrri.

En það er réttlát bending til hæstv. fjmrh. um það í hvern félagsskap hann er kominn, að alveg sama fyrirbærið, eins og varð, þegar hæstv. félmrh. náði yfirráðum í A.S.Í. varð nú í sumar, þegar hæstv. félmrh. og fjmrh. tóku saman um stjórn landsins; fólkið í landinu brást við þessu hvort tveggja alveg á sama veg. Okkur hafði tekizt að yfirvinna það vantraust á gildi peninganna, sem skapaðist við valdatöku HV og kommúnista í Alþýðusambandinu, þannig að sparifjárukningin varð orðin mikil og hafði aldrei orðið meiri

heldur en fyrri hluta þessa árs, en þegar svo þessir menn tóku^{svo} við ríkisstj. í sumar, þá skeði sama fyrirbærið og áður hafði orðið, að fólkið hætti að trúa á gildi ~~spen-~~peninganna, - fólkið hætti að leggja fé á sparisjóð og í stað þess, að sparifjáreignin stórykist, þá hefur hún stórlega minnkað síðustu mánuðina. Þetta er glöggur mælikvarði; þetta er glögg vogarskál, sem sýnir traust fólksins á þeim valdamönnum, sem nú eru komnir til áhrifa hér á Íslandi. Vonandi fer betur heldur en þetta vantaust bendir til, en það er vissulega íhugunarefni fyrir ríkisstj. að athuga þá ósjálfráðu, þegjandi en í verkinu hart dæmandi vísbending, sem almenningur þannig hefur gefið henni um það til hvers hann treystir henni og við hverju hann býst af því stjórnarfari, sem nú er hafið hér á landi.

Og hæstv. félmrh. (HV) hann sýndi svo hér á dögumun sína gersamlega^u vanþekkingu um áhrif þess arna á fjármála-ástandið og lausn þeirra mála, sem hann á sérstaklega að standa fyrir, þegar hann brást hinn reiðasti við, þegar á þessa staðreynd var bent og sagt, að hún gerði erfiðara fyrir um útvegum fjár til íbúðarhúsalána. ^{hann sagði, að} það kæmi bara ekkert málinu við, hvort fólkið legði peninga á sparisjóð eða ekki. Ja, ég segi, hvernig á að fá fé fyrir fyrir til fjárfestingar innan lands án þess að verðbólga leiði af, ef sparifjársöfnunin hættir. Mér dettur ekki í hug, að maðurinn í félagsmálaráðherrasætinu geti svarað þessu, en ég veit, að hæstv. fjmrh. hann er ekki svo lengi búinn að vera í þeim félagsskap, sem hann nú er í, að hann muni ekki enn þá þær réttu kenningar um þetta og viti þau sönnu sannindi, að ef sparifjársöfnunin hættir, þá er ekki

hægt að halda áfram framkvæmdum innanlands nema sé til veðbólggu horfi með innlendu fé.

Nei, almenningur hann tók starax & með kvíða því, þegar HV og kommúnistar náðu yfirráðum í A.S.Í., enda leið þá ekki á löngu þangað til byrjað var á stórhellum kauphækkunarferðum og eins og hæstv. fjmrh. stundum hefur réttilega tekið til orða, að þeir hófu sig alveg upp af jafnsléttu, - þeir hófu herðferðina án þess að nokkurt tilefni væri til.

Það er t.d. margsannað, að ástæðurnar, sem voru færðar fyrir því, að lagt var út í verkfallið mikla vorið 1955, allar þær ástæður eru falsástæður. Í það verkfall var ekki lagt af fjármálalegum ástæðum, heldur af pólitískum ástæðum. Það var verið með því að sýna íslenzka þjóðfélaginu, að ekki væri hægt að stjórna landinu, nema með samþykki Alþýðusambandsins.

Það getur vel verið, að sumir trúir á, að þetta sé gott; að það sé alveg ljóst, að ekki sé hægt að stjórna landinu án Alþýðusambandsins. En gera menn sér grein fyrir, hvað í því felst í raun og veru? Gera menn sér grein fyrir, hvað í því felst; þeim fagnaðarboðskap, sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. leyfa sér að bera hér fram, þegar þeir eru farnir að segja, það sé ánægjuefni, að það þurfi að leita út fyrir vegg Alþingis Íslendinga til þess að ráða til lykta mikilsverðustu málefnum þjóðarinnar? Gera þeir sér ljóst, að með því eru þeir í raun og veru að segja, að lög og réttur eigi að hætta að gilda á Íslandi?

Ég geri ekki lítið úr þýðingu stéttasamtakanna. Þau eru vissulega mikilsverður þáttur í íslenzku nútímaþjóðfélagi eins og þau eru í öllu þjóðlífi nútímans, en hverjum verður ætlað sitt hlutverk, og ef við viljum halda lögbundnu, fygjálssu stjórnskipulagi á Íslandi, þá verður það að vera ljóst, að úrslitayfirráðin á Íslandi séu hjá kjörnum fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi Íslendinga, hjá löglega kjörnum forseta Íslands og hvergi annars staðar, nema auðvitað að lokum og fyrst og

fremst hjá þeim, sem uppspretta valdsins er, hjá kjósendunum. Það eru íslenskir kjósendur, sem með því að kjósa Alþingi á lögformlegan hátt og kjósa forseta Íslands á lögformlegan hátt, sem eiga að ráða því, hvernig málefnum þjóðarinnar er ráðið til lykta, og það er uppgjöf, það er svik við íslenskt sjálfstæði, við íslenskt frelsi, við lýðræðið ætíð á Íslandi, ef það er viðurkennt, og ef það er farið að hæla sér af því, að úrslitavöldin séu komin frá Alþingi Íslendinga og til einhverra, hvaða stofnana sem er utan þessara veggja, sem við erum nú staddir innan.

Og það eru til fleiri stofnanir og fleiri félagsamtök ~~hér~~ hér á landi, sem gátu, ef þau vildu, sýnt framan í hnefann og sýnt, að ekki væri hægt að stjórna þessu landi, nema með þeirra samþykki, heldur en Alþýðusamband Íslands, ef menn vilja innleiða þá stjórnarhætti, sem guð gefi, að ekki verði. En þeir menn bera þunga ábyrgð, sem bera ábyrgð á því og hæla sér nú af því og segjast hafa það eitt nýtt til að leggja, að komið er ískyggilega langt út á þessa braut.

Með því, sem nú hefur verið gert, er staðfest, eins og hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði hér fyrir í kvöld, að Framsóknarflokkurinn hefur til þess að öðlast meiri völd heldur en hann gat vonast eftir í samvinnu við okkur sjálfstæðismenn gert samning við kommúnista. Í þessu sambandi hefur fylgiféð í alþýðuflokknum sannast að sagt enga þýðingu, hvorki til né frá. Framsóknarflokkurinn hefur gert samning við kommúnista um það að bjarga þeim úr einangrun, úr eynd fordæming

fólksins inn í stjórnarráðið til þess að halda þar höfuðstöðvum kommúnismans á Íslandi á sömu stundu, á sömu vikum eins og þessir menn verða fyrir réttmætri og réttlátri fordæmingu í öllum lýðræðisþingum hins frjálsa heims. Þá er þessum mönnum leyft að slá upp sínum tjaldbúðum innan þessara gömlu, fornhelgu múra og í stjórnarráðinu til þess þannig að sleppa úr einangruninni; til þess þannig að geta haldið áfram að vera hið sundurgrafandi og niðurbrotandi afl í íslensku þjóðlífi. Það er það verð, sem borgað er fyrir það samkomulag, sem nú hefur komið á. Og þeir vita ósköp vel, kommúnistarnir, að það er þetta verð, sem borgað er, vegna þess að þeir tilkynna um leið og þeir fallast á ráðstafanir, þá segja þeir, samanber orð Eóvarðs Sigurðssonar, sem þjóðviljinn hermdi á þriðjudaginn var: "Verkalýðurinn er út af fyrir sig mjög óánægður með þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera, en við viljum ekki steypa núverandi ríkisstjórn; það er það, sem um er samið í raun og veru, og kommúnistarnir þeir segja: "Til þess að fá að vera í ríkisstjórninni enn um sinn, erum við reiðubúnir að leggja á almenning þær 240 millj. kr.; þá vísitöluskerðingu um 6 stig, sem á að haldast", og þeir mundu vera til með í dag að fallast á hvaða álögur sem er, bara, ef þeir héldu þeim möguleika að hafa skjól í stjórnarráðinu og á Alþingi meðan hattan yfir þá gengur. En þeir taka jafnframt fram: "Ef okkur líkar ekki, þá eru dyrnar opnar til þess að byrja sama leikinn og áður". Ef þeim líkar ekki þjónslund hæstv. fjmrh., ef hann lætur einhvern tíma verða úr hótunum, sem hann hefur verið með bak við tjöldin undanfarna daga og sagt, að

með þessum mönnum væri ekki vinnandi, af því að engu þeirra orði væri trúandi, ef hann léti verða úr því, þá segja þeir: "Ja, þá eru dyrnar opnar fyrir áframhaldandi verkföllum". En munurinn er sá, sem þeir hafa gleymt, og fyrir það ber að þakka núverandi hæstv. ríkisstj., að þeir hafa þó sjálfir játað með öllum sínum málflutningi, að þegar þeir halda því fram, að vísitöluskrúfan, að eilífar kauphækkningar séu verkalyðnum til góðs, þá eru þeir að tala á móti betri vitund, þá eru þeir að egna til pólitískra verkfalla, þá eru þeir að efla sína eigin valdaástöðu á móti hagsmunum almennings. Það er þetta, sem játning hefur fengið fyrir, og þess vegna verð ég að segja, að þrátt fyrir allt, þá hefur það verið nauðsynlegt og til góðs fyrir Ísland að fá yfir sig það ófremdarástand, sem nú ríkir, vegna þess að (vávél) vill, að menn læri af biturri reynslu og svikararnir, eins og þessi glottandi náhrafn, sem situr hér fyrir framan mig, þeir verða miklu frekar afhjúpaðir eftir alla sína frammi-
stöðu. Fólkið á miklu hægara með að átta sig á, að þeir eru að tala um annarleg málefni, og þeir eru að tala um sín eigin völd, um baráttu fyrir því að kollsteypa þjóðfélaginu, þegar þeir þykjast vera að berjast fyrir hagsmunum fólksins, það er þessi lærdómur, sem fengið hefur og ómetanlegur er.